

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Fjóluklettur við Kveldúlfshöfða, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsfulltrúi, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar samkvæmt samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti 13. nóvember 2025 eftirfarandi tillögu skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 43. gr. sömu laga, óverulega breytingu á deiliskipulagi Fjólukletts við Kveldúlfshöfða.

Breytingin felur í sér að afmörkun tveggja nyrstu lóðanna er breytt í samræmi við breidd götu. Stærð lóða helst þó óbreytt þar sem lóðarmörk til austurs færast lítillega. Gönguleið breytist lítillega meðfram götu í samræmi við breytt lóðarmörk. Byggingarreitum innan lóðanna er breytt í samræmi við breytt lóðarmörk. Inni á grænu svæði vestanmegin við aðalgötuna er skilgreind lóð fyrir RARIK. Lóðin er 23,5 m² og er heimilt að reisa á henni spennistöð allt að 15 m². Til að tryggja aðkomu bíla að lóðinni er göngustígur breikkaður úr 2 m í 3 m á þeim kafla sem liggur frá götu að lóðarmörkum. Um akfæran göngustíg er því að ræða.

Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags gilda áfram.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 2. febrúar 2026.

Ásgerður Hafsteinsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 16. febrúar 2026